

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 4. mars 2009 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Gjaldskrár sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lágu tillögur að gjaldskrár sveitarfélagsins. Gjaldskrárnar byggja að mestu á fyrri gjaldskrár og voru sumar endurskoðaðar með tilliti til breyttra forsendna í rekstri en aðrar með tilliti til verðlagsþróunar. Talsverðar umræður urðu um gjaldskrárnar og gerðar nokkrar breytingar á fyrirliggjandi tillögum.

Eftirfarandi gjaldskrár voru afgreiddar:

- a) Álagningareglur um útsvar og fasteignagjöld: Áður samþykktar.
- b) Gjaldskrá Barnabóls vegna dvalargjalda, 1.02.2009: Samþykkt
- c) Húsaleiga leiguíbúða og annars húsnæðis, 1.02.2009: Staðfest
- d) Félagsheimilisins Fellsborgar, 1.03.2009: Samþykkt.
- e) Skagastrandarhafnar, 1.01.2009: Ákvörðun hafnarnefndar staðfest.
- f) Íþróttahúss og sundlaugar, 1.03.2009: Samþykkt.
- g) Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds, 1.01.2009: Samþykkt.
- h) Vatnsveitu, 1.01.2009: Samþykkt.
- i) Gatnagerðagjalda, skv. sérstakri samþykkt um gjaldskrá: Samþykkt.
- j) Höfðaskóla, 01.01.2009: Samþykkt,
- k) Leiga á Bjarmanesi, 01.01.2009: Samþykkt.

2. Stofnfundur Starfsendurhæfingar.

Fyrir fundinum lá stofnfundargerð Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra frá 18. febrúar 2009 ásamt drögum að skipulagsskrá fyrir starfsendurhæfinguna. Sveitarstjórn ræddi hlutverk og tilgang starfsendurhæfingar en samþykkti síðan að gerst stofnaðilar að henni.

3. Samningur um sorphirðu.

Fyrir fundinum lágu drög að verksamningi um sorphirðu og rekstur gámastæðis á Skagaströnd. Meðfylgjandi samningnum voru útreikningar á mismunandi valkostum við samning og rekstur. Umræður urðu um samningsdrögin. Sveitarstjóra og oddvita falið að eiga samningaviðræður við Sorphreinsun VH um málið og leggja niðurstöður þess fyrir sveitarstjórn.

Bréf:

a) Umhverfisstofnunar, dags. 30. jan. 2009.
Með bréfinu er vakin athygli á þeim kröfum sem gerðar eru til urðunarstaða eftir 16. júlí 2009. Jafnframt er minnt á að starfsleyfi fyrir urðunarstað sveitarfélagsins rennur út á sama tíma.
Fyrir fundinum lá svarbréf sveitarstjóra þar sem farið er fram á framlengdan frest á meðan unnið er að úrlausn í samstarfi við önnur sveitarfélög.
Bréfin voru til kynningar.

b) Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27. jan. 2009.
Með bréfinu eru kynntar megináherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum.
Bréfið var til kynningar.

c) Sjávarútvegs og landbúnaðarráðun. dags. 17. feb. 2009.
Með bréfinu er auglýst eftir umsóknum um byggðakvóta fiskveiðiársins 2008/2009.
Fyrir fundinum lá einnig bréf sveitarstjóra þar sem sótt er um byggðakvóta fyrir byggðarlagið.
Bréfin voru til kynningar.

d) Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. feb. 2009.
Með bréfinu er boðað til XXIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga föstudaginn 13. mars 2009.
Bréfið var til kynningar.

e) Samgönguráðuneytisins, 16. feb. 2009.
Með bréfinu er fjallað um samskipti ráðuneytisins og sveitarfélaganna vegna fjármálalegra upplýsinga og skila á fjárhagsáætlunum. Þá er í bréfinu fjallað um meðferð fjármuna og eigna sveitarfélaga almennt.
Bréfið var til kynningar.

f) Lánasjóðs sveitarfélaga ohf, dags. 10. feb. 2009.
Með bréfinu er boðað til aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem haldinn verður 13. mars 2009.
Bréfið var til kynningar.

g) Bændasamtaka Íslands, dags. 16. jan. 2009.
Með bréfinu er kynntur bótaréttur vegna framkvæmda í almannabágu og framkvæmda eignarnáms. Meðfylgjandi bréfinu var samþykkt búnaðarþings um málið.
Bréfið og samþykktin voru til kynningar.

h) Dóms- og kirkumálaráðuneytis, dags. 22. jan. 2009.
Í bréfinu kemur fram að í nóvember 2007 var samþykkt reglugerð um lögreglusamþykktir. Þá kemur fram að í þeim sveitarfélögum sem ekki hafa gert sérstaka lögreglusamþykkt þá kemur reglugerðin í stað lögreglusamþykktar.
Ekki voru gerðar athugasemdir við efni bréfsins.

i) Orkusölnunnar, dags. 23. jan. 2009.

Bréfið fjallar um innkaup á ótryggri orku vegna barnaskóla og er með því tilkynnt um 10% hækkun á gjaldskrá í kjölfar hækkunar á orkuverði frá Landsvirkjun. Bréfið var til kynningar.

j) Óbyggðanefndar, dags. 21. jan. 2009.

Með bréfinu er kynntur lengdur frestur fjármálaráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum á vestanverðu Norðurlandi, nyrðri hluta (svæði 7 b) og breyttum afmörkum á sama svæði. Í bréfinu kemur fram að svæði 7 b er nú skilgreint austan Héraðsvatna og vestan Eyjafjarðar en norðan Hörgár. Svæði um Skaga verði skilgreint með svæði 8. Bréfið var til kynningar.

k) Menningarráðs Norðurl. vestra, dags. 3. feb. 2009.

Í bréfinu er fjallað um fjárframlög sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir árið 2009 og kemur fram að kostnaðarskipting hefur verið endurreiknuð með tilliti til nýrra upplýsinga um íbúafjölda og endanlegra framlaga ríkisins til menningarsamningsins. Bréfið var til kynningar.

l) Félags tónlistarkennara, dags. 6. jan. 2009.

Í bréfinu er fjallað um stöðu tónlistarskólana í landinu og sérstaklega hvatt til þess að sveitarfélögin gæti þess að ekki verði vegið að tónlistarskólunum og því þýðingarmikla starfi sem þeir standa fyrir. Bréfið var til kynningar.

m) Valdimars Viggóssonar, dags. 3. feb. 2009.

Í bréfinu er fjallað um byggðamerki sveitarfélagsins og minnt á að þar sem sveitarfélagið hafi skipt um nafn væri etv. rétt að endurnýja byggðamerkið. Meðfylgjandi bréfinu var hugmynd að nýju byggðamerki fyrir sveitarfélagið sem bréfitari bauð falt. Sveitarstjóri lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um erindið vegna vensla við bréfitara og vék af fundi. Umræður urðu um málið og kom m.a. fram að sveitarstjórn hafi ekki tekið ákvörðun um að breyta merkinu að svo stöddu. Sveitarstjóra var falið að svara bréfitara í ljósi umræðu á fundinum.

4. Fundargerðir

a) Vinnufundar um skipulagsmál, 3.02.2009.

Fundargerðin var til kynningar

b) Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 24.02.2009.

Halldór gerði nánari grein fyrir málefnum tónlistarskólans. Fundargerðin var til kynningar.

- c) Menningarráðs Nl. vestra, 23.01.2009.
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Stjórnar Norðurár bs. 30.01.2009.
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 06.02.2009.
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún, 24.02.2009.
Adolf gerði nánari grein fyrir verkefnum stjórnar.
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Stjórnar SSNV, 10.02.2009.
Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11³⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Erla Jónsdóttir

Birna Sveinsdóttir,

Sigríður Gestsdóttir,

Magnús B. Jónsson.